

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Melur úr landi Einiholts 1, land 1.

Skilmálabreytingin felst í því að innan byggingarreits B-1 er heimilt að byggja allt að 450 m² þjónustuhús vegna ferðaþjónustu í stað 350 m² áður. Stærð þjónustuhúss fyrir rafbíl er óbreytt, 80 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2018